

44. fundur stjórnar Héraðsskjalasafns Kópavogs, haldinn að Hamraborg 1, 21. júní 2007 kl. 16:00.

Dagskrá: 1. Skýrsla til stjórnar Héraðsskjalasafns Kópavogs um húsnæðismál stofnunarinnar og tillaga um úrbætur. 2. Önnur mál.

Mættir: Hilmar Björgvinsson formaður, Hrafnhildur Hjaltadóttir og Bjarni Ólafsson. Hrafn Sveinbjarnarson héraðsskjalavörður sat fundinn.

1. Skýrsla til stjórnar Héraðsskjalasafns Kópavogs um húsnæðismál stofnunarinnar og tillaga um úrbætur.

Stjórnin hefur kynnt sér skýrsluna (fskj. 1) sem dreift var á síðasta fundi, sbr. fundarg. 25.5.07, lið 2c, ásamt fylgiskjölum hennar. Stjórn Héraðsskjalasafns Kópavogs lýkur lofsorði á skýrsluna og telur að hún ásamt fylgiskjölum sýni svo ekki verði um villst að húsnæðismál safnsins eru ekki í viðunandi ástandi. Bæði eru öryggismál safnsins ekki traust og svo er húsnæðið greinilega of lítið. Gólfíð ber t.d. ekki þann þunga sem á það þarf að láta. Varðveisla viðkvæmra gagna er ekki með því nútímalagi sem gerðar eru kröfur til.

Ályktun skýrslunnar um úrbætur er því í rökréttu framhaldi að nauðsynlegt sé að reisa hús yfir starfsemi Héraðsskjalasafns Kópavogs eða fá með öðru móti húsnæði sem hentar því. Stjórnin telur nauðsynlegt að ræða þetta mál við bæjarstjóra. Ákveðið er að biðja um fund með honum með haustinu.

2. Önnur mál.

- a) Gunnar Marel Hinriksson hefur verið ráðinn í fullt starf skjalavarðar við Héraðsskjalasafn Kópavogs frá 1. júní til 31. ágúst.
- b) Héraðsskjalavörður skýrir frá því að nýju skjalaöskjurnar séu á leið til landsins.

Fleira ekki rætt, fundi slitið kl. 17.30
Fundarritari Bjarni Ólafsson